

Gjafir til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Selfossi 2007



**Minninga-
sjóður
Ljósheima**
gaf hjúkrunar-
deildinni að Ljós-
heimum
göngugrind að
verðmæti
kr. 36.521,00.

Stjórnarkonur í Kvenfélagi Biskupstungna og Kvenfélagi Selfoss ásamt stjórnendum H.Su.

Kvenfélag Biskupstungnahrepps gaf fæðingardeild sjúkrahússins brjóstadælu að verðmæti kr. 226.391,00 og Kvenfélag Selfoss gaf hjúkrunardeild Ljósheima á nýju deildina fjóra hvíldarstóla að verðmæti kr. 231.100,00.



Gjafir frá börnum

Dagrún Tinna, Dagbjört Rut, Hulda Sigríður og Elís Kjartan Friðfinnsbörn ásamt Kristínu Hönnu Jóhannesdóttur og Heklu Björk Grétarsdóttur færðu barnadeild sjúkrahússins peningagjöf að upphæð kr. 6.040,00 sem þau söfnuðu með því að halda flóamarkað.



Körfuboltaakademía FSU og Krabbameinsfélag Árnassýslu

gáfu líknardeild sjúkrahússins sjúkrarúm, tvö náttborð, færanlegt mælitæki fyrir lífs-
mörk og sprautupumpu að verðmæti kr. 1 millj.



Líknarsjóður hjónanna Harðar Þorgeirssonar og Unnar Guðmundsdóttur

gáfu stofnuninni peningagjöf að upphæð kr. 80 milljónir til að efla og styrkja sjúkrahúsið á Selfossi.



**Verðmæti gjafa
ársins
eru að upphæð
rúmlega
81,5 milljónir
króna**

Heilbrigðisstofnunin á Selfossi færir gefendum bestu þakkir fyrir höfðinglegar gjafir og er ómetanlegt að eiga slíka stuðningsaðila. Þá bera gjafir þessar merki um hlýhug og metnað fyrir uppbyggingu stofnunarinnar til þess að veita íbúum Suðurlands sem öruggasta þjónustu.

Megi Guðs blessun fylgja þessum félögum og einstaklingum.